

# 1270. Stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 29. október 2024, kl. 19:00 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

**Mætt á staðfund:** Ragnar Þór Ingólfsson, Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamín, Þórir Hilmarsson, Arnþór Sigurðsson varamaður, Selma Björk Grétarsdóttir varamaður, Þorvarður Bergmann Kjartansson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

**Mætt á fjarfund:** Diljá Ámundadóttir Zoega, Harpa Sævarsdóttir og Jennifer Schröder.

**Næsti fundur:** 13. nóvember 2024.

Boðaðir voru aðal- og varamenn.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fund og sagði að boðað hafi verið til fundarins m.a. vegna framboðs síns til Alþingis og vildi hann hafa almennar umræður um þátttöku kjörinna fulltrúa í pólitísku starfi og framboði til Alþingis. Rík hefd væri fyrir slíku framboði forystufólks úr verkalyðshreyfingunni og nefndi hann nokkur dæmi því til stuðnings.

Gabríel Benjamin gerði athugasemdir við boðun allra varamanna á fundinn og óskaði jafnframt eftir dagskrárbreytingu, að fyrsta mál á dagskrá yrði málefni VR í kjölfar framboðs formanns félagsins til Alþingis og aðrir dagskrárliðir færðust til sem því nemur.

Ragnar Þór benti á að aðal- og varamenn hefðu verið boðaðir eins og oft áður þegar mikilvæg mál væru til umræðu. Varamenn hafa ekki atkvæðisrétt á fundum nema þeir séu boðaðir vegna forfalla aðalmanna. Ragnar Þór lagði tillögu Gabríels að dagskrárbreytingu undir fundinn og var hún samþykkt með átta atkvæðum gegn þremur. Dagskrá er því sem hér segir:

- Málefni VR í kjölfar framboðs formanns félagsins til Alþingis
- Þátttaka kjörinna fulltrúa í pólitísku starfi og framboði til Alþingis
- Önnur mál

Umræður undir 1. Lið, **Málefni VR í kjölfar framboðs formanns félagsins til Alþingis**, héldu áfram.

Ragnar Þór gagnrýndi að boðun fundarins hafi verið til umfjöllunar á mbl.is áður en fundurinn hafi verið haldinn, blaðamaður hafi haft samband við sig og hafi hann haft ítarlegar upplýsingar um bæði tímasetningu fundarins og dagskrá.

Umræður

Í umræðum óskaði Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir eftir að bóka yrði að hún væri hissa á orðfæri formanns sem fæli í sér ásökun á hendur stjórnar VR um að hafa lekið einhverju. Ólíðandi væri að sitja undir slíkum ásökunum.



Í umræðum óskaði Sigríður Lovísa Jónsdóttir eftir að bókuð yrði sú ósk hennar að Ragnar tæki saman hvað hann ætlaði að gera í kjölfar ákvörðunar um framboð.

Í umræðum skýrði Ragnar Þór stjórn frá þeirri ákvörðun sinni að fara í leyfi meðan á kosningabaráttunni stæði, en hann vildi ljúka tveimur verkefnum sem snúa að Blæ leigufélagi og Leiðsögn sem erfitt væri fyrir aðra að stíga inn í.

Þorvarður Bergmann Kjartansson óskaði eftir því að umræðum yrði lokið og gengið yrði til atkvæða, í samræmi við starfsreglur stjórnar VR, um það hvort stjórn teldi að varaformaður ætti að gegna störfum formanns á meðan sá síðarnefndi væri í leyfi. Gabríel og Sigríður Lovísa óskuðu einnig eftir því að bókuð ósk um að gengið yrði til atkvæða.

Ragnar Þór sagði starfsreglurnar skýrar og spurði fundinn hvort einhver andmælti því að hann lyki fyrrgreindum verkefnum og Halla Gunnarsdóttir, varaformaður VR, stigi að öðru leyti inn í verkefni formanns á meðan hann væri í leyfi. Hann sagðist ekki telja þörf á atkvæðagreiðslu um það.

Enginn andmælti því og telst þetta fyrirkomulag samþykkt.

## **2. Þátttaka kjörinna fulltrúa í pólitísku starfi og framboði til Alþingis**

Ragnar Þór sagði mikilvægt að stjórn ræði þátttöku kjörinna fulltrúa í verkalyðshreyfingunni sem nú væri mikið til umræðu. Hann benti á að forseti ASÍ hafi hvatt til þess á nýafstöðnu þingi sambandsins að fulltrúar í hreyfingunni taki þátt í pólitísku starfi, sem hann [Ragnar Þór] teldi nauðsynlegt. Hann sagði stjórn þurfa að ræða hvort setja ætti reglur hvað þetta varðar, hvort sem snúi að stjórnarfólki eða starfsfólki hreyfingarinnar, hvort stjórn ætti að hafa formlega skoðun á þessum og hvort stjórn ætti að halda við þessari hvatningu að kjörnir fulltrúar beiti sér innan stjórnarmálaflokka.

Umræður

Harpa Sævarsdóttir og Jennifer Schröder fara af fundi kl. 21:19.

Diljá Ámundadóttir Zoega fer af fundi kl. 21:24.

Fundi slitið kl. 21:28.